

reyndist að vera alls ca. 468 litrar á öllum tunnunum, og virðist því ákærður hafa gjörzt brotlegur gegn II. kafla áfengislaganna nr. 64 frá 19. maí 1930, sbr. 6. gr. laganna. Þar á móti virðist ekki vera nægilega sannað, gegn eindreginni neitun ákærðs, að áfengi þetta hafi verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og virðist því brot ákærðs aðeins geta varðað sektum, er samkvæmt 30. gr. áfengislaganna teljast hæfilega ákveðnar kr. 500.00, er afplánist með einföldu fangelsi í 31 dag, fáist sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Ákærður greiði og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Áhöld þau, er notuð hafa verið við bruggun áfengisins, eru upptæk gjörð og eyðileggist, svo og hið framleidda áfengisbrugg, sem og hellt hefir verið niður.

Miðvikudaginn 19. okt. 1932.

Nr. 35/1932. **Ferdinand Hansen**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Ólafi V. Davíðssyni (Enginn).

Aðfararhæfi o. fl.

Dómur gestaréttar Hafnarfjarðar 8. sept. 1932: Stefnur, afgreiðslumaður Ólafur V. Davíðsson, Hafnarfirði, greiði stefnanda, kaupmanni Ferd. Hansen, Hafnarfirði, kr. 1743,67.

Dómur hæstaréttar.

Með því að stefndi hefir eigi mætt eða látið mæta í hæstarétti, er málið skyldi flutt þar, hefir það verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum eftir N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið, að hann verði gerður

aðfararhæfur, en sá galli er á hinum áfrýjaða gestaréttardómi, að aðfararákvæði hefir eigi verið sett í hann, að stefndi verði auk hinnar tildæmdu upphæðar kr. 1743,67 einnig dæmdur til að greiða 6% ársvexti af þessari upphæð frá 1. jan. 1928 að telja til greiðsludags og loks að stefndi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað bæði í undirrétti og hæstarétti eftir mati réttarins.

Hina fyrstnefndu kröfu ber að taka til greina. Vaxtakröfu sína styður áfrýjandi með því, að henni hafi ekki verið mótmælt í undirrétti. Stefndi hefir að visu ekki mótmælt henni sérstaklega, en þar sem hann fyrir gestaréttinum krafðist algerðrar sýknunar af kröfum áfrýjanda, sökum þess að krafan væri fyrnd, þykja þetta nægileg mótmæli einnig gegn vaxtakröfu áfrýjanda, og verður honum því eigi dæmt meira en 5% ársvextir af skuldarupphæðinni frá stefnudegi 24. apríl 1931.

Loks ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti og er hann ákveðinn 350 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Ólafur V. Davíðsson, greiði áfrýjanda, Ferdinand Hansen, 1743 kr. 67 aur. með 5% ársvöxtum frá 24. apríl f. á. til greiðsludags og 350 kr. í málskostnað í héraði og hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með heimild í lögum nr. 59, 1905 um varnarþing í skuldamálum, hefir stefnandinn, kaupmaður Ferdinand

Hansen, í Hafnarfirði, með stefnu, útgefinni 24. apríl þ. á., krafizt þess, að stefndur, Ólafur V. Daviðsson, afgreiðslumaður í Hafnarfirði, verði dæmdur til þess að greiða honum, skuld, samkv. reikn. frá verzlun hans hér í bænum, að upphæð samtals kr. 1821,67 með 6% ársvöxtum af upphæð þessari frá 1. janúar 1928 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Er hin umstefnda skuld stefnds tilorðin fyrir úttekt við verzlun stefnanda vegna mótorbátanna „Guðrún“ og „Ölver“ árin 1924 og 1925, og til heimilisþarfa stefnds sjálfs, sem kannast við, að hinir framlögðu reikningar eða úttekt samkv. þeim sé rétt, og að honum persónulega hafi á sínum tíma borið að standa skil á úttektum þessum öllum, nema tilgreindri úttekt á stigvélum og stakk til handa sjóm. Niels Hansen 12. júlí 1924, að því er virðist háseta á fyrgreindum mótorbát „Guðrún“, þar maður þessi enga heimild hafi haft til þess að taka vörur þessar út í hans reikning, né stefnanda heimilt að afgreiða vörur þessar á nafn stefnds, en söluandvirði þeirra nemur samtals kr. 78,00.

Á hinn bóginn mótmælir stefndur öllum öðrum úttektum sökum þess, að krafa þaraðlútandi sé fyrnd, þar engin viðskipti hafi átt sér stað á milli hans og stefnanda út af fyrrgreindum mótorbátum síðan á árinu 1924—1925 og verzlunarviðskiptum hans til eigin þarfa hafi verið lokið þegar 1. janúar 1927, og hafi skuld hans þá numið kr. 209,40, en það sem eftir það sé tilfært á reikningi stefnanda, honum til inntektar, fyrir blýþynnu 28. febr. 1927, og til úttektar, peningar, hafi hið fyrra eigi átt sér stað, og hið síðara verzlunarviðskiptum þeirra stefnanda og hans með öllu óviðkomandi, og sé því krafa út af verzlunarviðskiptum hans persónulega einnig fyrn, og hann heldur eigi fengið árlegan viðskiptareikning frá stefnanda, síðan viðskiptum út af oftgreindum bát lauk.

Krefst stefndur því algerðrar sýknunar af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Til vara krefst stefndur þess, að verða sýknaður gegn því að greiða einkaskuld sína umkrafða, kr. 168,05 og kostnaði henni samsvarandi, þ. e. 40 kr. málflutningslaun auk réttargjalda.

Með því að stefndur í vörn sinni hefir lýst því yfir, að honum og engum öðrum hafi borið að standa skil á greiðslu-

um fyrir úttektir þessar, að undanskildum þeim kr. 78,00. er fyrr greinir, ber að skoða öll fyrrgreind viðskipti við stefnanda sem eina heild, eða án tillits til þess hvert hver úttekt hefir gengið, eða verið varið til, þegar um er að ræða, hvort um fyrningu er að ræða eða eigi, og þá hvort um föst áframhaldandi viðskipti hafi verið að ræða á milli málsaðilja eða eigi, og hve lengi, og með því að það virðist vera viðurkennt af stefndum, að viðskiptin út af persónulegum þörfum hans sjálfs hafi haldizt, föst eða árleg til áramóta 1927—1928, þá kemur aðeins til álita, hvort síðar tilgreind viðskipti samkvæmt reikningunum, eða einkum peningaúttekt 19. ágúst 1927, sem stefndur eigi hefir mótmælt, að hafi átt sér stað, geti talizt verzlunarviðskipti þeirra á milli eða eigi, en þar sem reikningarnir bera það með sér, að samskonar viðskipti hafa áður átt sér stað við stefnda, eða peningaútborgun frá verzlun stefnanda til hans, sem eigi hefir verið mótmælt sem verzlunarviðskiptum þeirra á milli, og einnig út af fyrir sig geta skoðast þannig, teljast föst verzlunarviðskipti þeirra á milli að hafa haldizt til 19. júní 1927, og þá með gjalddaga að lögum 1. janúar 1928, svo um fyrningu á kröfum stefnanda eigi virðist vera að ræða, en það út af fyrir sig, að árlega sé eigi gefinn viðskiptareikningur, veldur eigi fyrningu skuldar, — enda og næsta ólíklegt, að svo hafi eigi verið, að því, er stefndan, fremur en aðra viðskiptamenn áhrærir, þar slíkt er orðin föst venja hjá verzlunum yfirhöfuð, en á hinn bóginn eigi venja almennt að heimta kvittun fyrir afhending ársreikninga.

Virðist því eftir atvikum rétt vera að dæma stefndan til þess að greiða hina umstefndu skuld, kr. 1821,67, að frá-dregnum kr. 78,00, er fyrr greinir, eða þannig kr. 1743,67, en málskostnaður virðist eftir atvikum eiga að falla niður

